

Raforkumálastjórn Nö'v. 1951.  
Gunnar Böðvarsson.

### Rannsókn á jarðhita að Víðivöllum í Skagafirði

Fyrir beiðni félagsmálaráðuneytisins framkvæmdi jarðborunardeild raforkumálastjórnar ríkisins rannsókn á jarðhita að Víðivöllum í Skagafirði, dagana 8. og 9. nóvember þ.á.

Nokkrar volgrur eru á þessum stað, en þær eru allar mjög óverulegar nema ein, sem notuð er til hitunar sundlaugarinnar og er hún um 27° heit. Vatnsmagn mun alls vera innan við 2 lítra á sekúndu.

Volgururnar liggja allar á nær beinni línu, og er fjarlægðin milli þeirra yztu um 450 metrar. Athuganir á segulsviði sýna, að volga vatnið kemur upp með vestri vegg blágrýtisgangs.

Jarðviðnám og efnagreining vatnsins gefa til kynna, að jarðhiti sé lítilt á staðnum.

Laugavatn er hagnýtanlegt til hitunar, ef hiti þess er yfir 45°C. Jarðborunardeildin/virðist <sup>ni</sup>ólíklegt, að svo heitt vatn fáist með viðráðanlegum borunum á þessum stað. Hið ártertiera blágrýti á Norðurlandi er yfirleitt mjög þétt; boranir eru því áhættusamar og ekki rétt að hefja þær nema því aðeins, að vissa sé fyrir nægum hita á viðráðanlegri dýpt. Kostnaður við tilraunaboranir að Víðivöllum yrði sennilega ekki undir 100.000 kr., en það virðist of mikið fé, þegar aðeins er um eina byggingu að ræða.

Hinsvegar er rétt að gengið sé algerlega úr skugga um hita vatnsins, sem upp úr blágrýtínu kemur, og má gera það með því að grafa skurð niður á fast berg í gegn um stærstu

volgruna í stefnu norður-suður.

Jarðborunardeildin vill því að svo stöddu máli ekki hvetja til þess, að hafnar verði boranir að Víðivöllum, en telur hinsvegar æskilegt, að framangreindur skurður verði grafinn.

Reykjavík, 19 nóv. 1951

cb